



Hitamotta

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Að útbúa nytjahlut úr grenndarskógi.

Þjálfar leikni í vali á aðferðum, eykur hæfni í útfærslu verkefna og eflir hæfni í verklegu námi.

Námsgreinar: Hönnun og smíði, stærðfræði og náttúrufræði.

Yngsta stig - auðvelt að færa yfir á eldri stig.



VERKLÝSING

Nemendur finna til efni í grenndarskógi. Greinum af mismunandi sverleika er safnað og þær þurrkaðar. Þegar efnið er orðið þurrt er það sagað niður í sneiðar, u.þ.b. 1,5 - 2 cm að þykkt.

Nemendur vinna síðan úr efninu. Greinabútar eru límdir á platta. Hægt er að nýta þetta verkefni sem jólagjöf eða gjöf til fjölskyldunnar.

Mikilvægt er að fjalla um gildi þess að nota efni úr grenndarskógi þar sem það er endurnýtanlegt þegar hluturinn hefur þjónað tilgangi sínum og getur gengið aftur til náttúrunnar.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Klippur, sagir og lím.